

BAUTASTEINN



Útgefandi: Kirkjugarðasamband Íslands
1. tölublað 12. árgangur maí 2007



Kirkjugarðurinn í Innri-Njarðvík	bls. 4
Hjarðarholtskirkja komin í upprunalegan búning	bls. 8
Vísir að minjasafni	bls. 12
Minningarmörk atburða - Björn Th. Björnsson	bls. 16
Nýtt starfsmannahús í Hafnarfirði	bls. 20
Sameining kirkjugarðsstjórna	bls. 22

ORAX Sigtæki

með rafmagnshleðslu



Efni:

hleðslukassi úr áli
rör úr ryðfríu stáli.

Lengd: 225

Færanleg breidd: frá 69 - 94 cm

Þyngd: 38 kg

BIKAB flokkunar- gámar



-Flokkun
úrgangs

-Gámurinn er heitgalvanísieraður m/glansáferð

-Tvær einingar f/úrgang úr svörtu polyethylíni

-Lokur úr áli

-Klæðning: dökkgræn

Grafarklæði / graframmi



Þekur hliðar grafarinnar til botns og þekur gröfina allan hringinn. Samanstendur af tveimur löngum plönkum og tveimur t-formuðum endastykkjum.

K-60 Dreifari f / salt & sand



-Rúmmál: 60 lítrar

-Dreifibreidd: 0,6 m

-Þyngd 31 kg

-Fyrir jarðveg, sand og salt.

Lágur þyngdarpunktur og meðfærilegur.

Er einnig nothæft sem venjulegar hjólbörur.

RölTec vatnspóstar



Mobilplant sjálfvökvunar kassar



MobilPlant

til í meðfylgjandi stærðum:

65 x 30 cm ferhyrndur

60 x 40 cm ferhyrndur

40 x 30 cm ferhyrndur

50 x 30 cm rúnnaður

Bentzen As

Solgård Skog 4, 1599 Moss, Norge.

Telefon: +47 69 24 49 40 Telefaks: +47 69 24 49 44

www.bentzenas.no

Lagafrumvarpið sem dagaði uppi



Ágæti lesandi!

Í ársbyrjun 2005 tóku gildi nýjar laga-greinar um tekjur kirkjugarða en undanfari þeirra var ítarlegur samningur sem gerður var við ríkið og undirritaður af dóms- og kirkjumálaráðherra, þáverandi fjármálaráðherra og biskupi Íslands. Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma, Kirkjugarðar Akureyrar o.fl. kirkjugarðar höfðu þá um skeið innheimt gjald í líkhúsi til að standa strau-
m af þeim rekstri og aðilum samnings var ljóst að gjald í líkhúsi var utan samningsins um framlag ríkisins til kirkju-
garða. Ekki voru allir sammála um lög-

*Þórsteinn Ragnarsson
formaður Kirkjugarða-
sambands Íslands.*

mæti gjaldtöku í líkhúsi og eftir kæru ályktaði Umboðsmaður Alþingis á miðju ári 2006 um gjaldtökuna og sagði í niðurlagi: „Jafnframt hef ég ákveðið að beina þeim tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðherra að hann taki sérstaklega til athugunar hvort ákvæði laga nr. 36/1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, með síðari breytingum, séu nægilega skýr um hvaða þjónustu ætlast er til að kirkjugarðar láti almenningi endurgjaldslaut í té.“

Á árinu 2005 vann þriggja manna ráðherraskipunefnd við endurskoðun laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993 og skilaði hún tillögum sínum í nóvember það ár. Farið var yfir allan lagabálkinn og gerðar voru viðamiklar breytingartil-
lögur á mörgum greinum laganna sem voru uppfærðar hver af annarri ef svo má segja. Segja má að ekki hafi verið farið heildstætt yfir þennan lagabálk í áratuga raðir. Við breytingarnar sem gerðar voru á lögnum og tóku gildi 4. maí 1993 var aðallega verið að laga kirkjugarðalögin að samkeppnislögum sem tóku gildi 19. maí sama ár en lítið var farið í bein hagnýt atriði sem tilheyrðu fag-
legum hliðum kirkjugarða- og útfarmála. Að mati þeirra sem til

þekkja voru breytingartillögur nefndarinnar löngu tímabærar og þess vegna kærkomnar fyrir land og lýð.

Eftir meðhöndlun dóms- og kirkjumálaráðuneytis á tillögum nefndarinnar sem m.a. fólst í því að senda frumvarpið til kirkju-
ráðs, og fleiri aðila sem að þessum málum koma, útbjó dóms- og kirkjumálaráðherra frumvarp til laga um breytingar á lögum um kirkjugarða sem lagt var fram á síðasta kirkjuþingi sem haldið var í seinnihluta október 2006. Kirkjuþing lýsti í megindrættum stuðningi við frumvarpið og taldi flestar breytingar sem frumvarpið gerði ráð fyrir tímabærar og þarfar. Dóms- og kirkjumálaráðherra ákvað að leggja það fram á Alþingi.

Það vinnulag er viðhaft innan ráðuneytanna að fagráðuneytin senda fjármálaráðuneytinu slík frumvörp til umsagnar með sérstöku tilliti til þess möguleika að þau hafi áhrif á ríkissjóð. Þetta til-
tekna frumvarp hafði á engan hátt neinar auknar skuldbindingar fyrir ríkissjóð og hefði því átt að vera auðvelt fyrir fjármálaráð-
herra og embættismenn hans að veita því fararleyfi á Alþingi. En viti menn, ekkert bólaði á afgreiðslu fjármálaráðuneytisins og eftir ítrekaðar fyrirspurnir undirritaðs til dóms- og kirkjumálaráðuneytis í lok síðasta árs og byrjun þessa, var mér tjáð að fjármálaráð-
herra vildi ekki afgreiða frumvarpið frá sér nema tryggt væri að áætlað líkhúsgjald, sem áformað var að lögleiða í frumvarpinu, yrði dregið frá framlagi ríkisins til kirkjugarðamála. Þar sem þetta sjónarmið ráðherrans var brot á nýgerðum samningi við ríkið, var óskað eftir fundi hans um málið en hann hafði ekki tíma til að sinna fundarbeiðninni. Tíminn leið og fjármálaráðherra sat á frumvarpinu fram yfir þinglok. Hvað á að segja við slíki stjórn-
sýslu?

*Þórsteinn Ragnarsson,
formaður stjórnar Kirkjugarðasambands Íslands.*

BAUTASTEINN

Útgefandi:

Kirkjugarðasamband Íslands

Ábyrgðarmaður:

Þórsteinn Ragnarsson

Afgreiðsla:

Skrifstofa KGRP, Fossvogi

Sími: 585 2700, Fax: 585 2701

www.kirkjugardar.is

Ritsjórn:

Smári Sigurðsson

Guðmundur Rafn Sigurðsson

Sigurjón Jónasson

Umsjón, greinaskrif og ljósmyndun:

Hulda G. Geirsdóttir

Umbrot og prentun:

Guðjón Ó - vistvæn prentsmiðja



ISSN 1670-2395

Forsíðumyndin:

Séð yfir Sólland og

Fossvogskirkjugarð.

Ljósma.: Magnús Jónsson.

Fallegt útsýni við fagra kirkju



Kirkjan í Innri-Njarðvík er falleg og sérstök.

Innri-Njarðvíkurkirkja var reist að frumkvæði Ásbjörns Ólafssonar bónda í Innri-Njarðvík á árunum 1885-1886. Kirkjan er hlaðin, en um hleðsluna sá Magnús Magnússon steinsmiður sem lært hafði þá iðn við byggingu Alþingishússins í Reykjavík. Hún er fyrsta steinkirkja hérlendis sem gerð er úr alhöggnum steini og hefur aðeins ein önnur kirkja verið byggð með þessum hætti hérlendis, en það er kirkjan að Hvalsnesi. Kirkjan stóð að mestu óbreytt til 1918 þegar sóknin var sameinuð Keflavíkursókn og kirkjan lögð niður. Síðar vaknaði þó áhugi heimamanna á því að gera kirkjuna upp og öðlast sóknarrétt á ný og tókst það. Gert var við kirkjuna og hún vígð í september 1944. Einnig höfðu verið gerðar ýmsar breytingar á henni, s.s. byggður nýr turn, bárujárn sett á þak o.fl.

Kirkjunni var vel viðhaldið næstu áratugina, en þó kom að því að fara þurfti í lagfæringar og leitaði sóknarnefndarformaður, Helga Óskarsdóttir, þá til húsafriðunarnefndar sem kom og skoðaði kirkjuna sumarið 1980. Hörður Ágústsson var fenginn til að taka kirkjuna út og niðurstaða hans var að færa skyldi kirkjuna til upprunalegs horfs. Vel hefur tekist til og er kirkjan hin mesta þrýði í bæjarfélaginu.

Mikil uppbygging á svæðinu

Þegar ekið er inn í Innri-Njarðvík í dag veur athygli hin gríðarlega mikla uppbygging sem þar á sér stað. Hundruð íbúða hafa risið undanfarin ár, leik- og grunnskólar og annað sem fylgir blómlegri byggð. Kirkjan stendur í gamla hluta þorpsins, við sjóinn, og útsýni úr kirkjugarðinum er ægifagurt yfir Faxaflóann allan. Á björtum dögum blasir við Snæfellsjökull og fjallahringurinn allur.

Barist gegn vegalagningu

Upp úr 1990 barst stjórn Kirkjugarða Njarðvíkursóknar það til eyrna að unnið væri að gerð nýs aðalskipulags fyrir Njarðvík og óskaði stjórnin þá eftir því að tekið yrði frá aukið landrými til stækkunar kirkjugarðsins síðar. Málaleitan þeirra var vel tekið en síðar kom í ljós að hið nýja aðalskipulag gerði ráð fyrir að umferðaræð yrði lögð eftir sjávarbakknum meðfram kirkjugarðinum. Kirkjugarðsstjórn mótmælti þessum fyrirætlunum eindregið og hóf markvissa vinnu í því að fá áætlunum þessum breytt. Ólafur Þ. Guðmundsson, kirkjugarðsvörður og umsjónarmaður framkvæmdanna, segir þessa vinnu hafa tafið framkvæmdaferlið og vinna við stækkun garðsins hafi því ekki hafist fyrr en árið 1996. „Þetta tafið auðvitað framkvæmdirnar en við fengum þó breytingarnar í gegn. Við fengum Reyni Vilhjálmsson, landslagsarkitekt, til að vinna skipulagsupprátt og hans fyrsta vinna í stækkunarferlinu fólst mikið í því að koma þessu í gegn, sýna fram á mikilvægi þessara breytinga. Kirkjugarður er



Hér sést yfir garðinn. Nýja hliðið í forgrunni, þjónustuhúsið falið undir brekkunni í fjarska.



Nýi hluti garðsins – útsýnið blasir við.

kyrrðarstaður og það á engan veginn saman að vera með hann ofan í fjölförnum vegi þar sem m.a. áttu að fara fram þungaflutningar. Þetta hefði aldrei getað gengið upp. Hefði vegurinn komið til hefði stækkunin auk þess orðið mun minni. Þótt við höfum kannski ekki séð fyrir þessa miklu aukningu í byggð hér á þeim tíma, þá er a.m.k. ljóst núna að ekki veitir af þessari stækkun allri.“

Langt framkvæmdaferli

Árið 1996 hófust framkvæmdir við stækkun garðsins með gerð landfyllingar. Ólafur segir verkferlið hafa verið langt og kostnaðarsamt. „Við ákváðum að fara rólega í framkvæmdirnar og pössuðum okkur á því að eiga fjármagn fyrir því sem farið var út í á hverjum tíma. Við áttum þokka-



Fallegt minnismerki um hjónin í Narfakoti.

Vel til tekist

Tillögur Reynis byggðust m.a. á samþættingu menningar og sögu á svæðinu við kirkjuna og kirkjugarðinn og í hans hugmyndum er leitast við að tengja saman útivistarsvæði í Innri-Njarðvík og búa til friðsælan reit þar sem fólk getur komið við á leið sinni. Þrátt fyrir að einhverjar breytingar hafi orðið á upprunalegu tillögunni hefur tekist að halda í þessa tengingu og kyrrð ríkir yfir garðinum þar sem hann stendur á sjávarbakknum.

Stækkunin hefur tekist mjög vel og segir Ólafur fólk almennt mjög ánægt með hvernig tekist hefur til. „Búið er að vígja einn hluta stækkunarinnar og taka í notkun og svo stendur til að vígja hinn hlutann síðar.“ Garðurinn er nú um 7.400 fermetrar að stærð og í honum er gert ráð fyrir u.þ.b. 700 grafarstæðum.

Fallegir hlaðnir veggir umhverfis garðinn vekja athygli og sóma sér einstaklega vel í þessu umhverfi. Ólafur segir þá sérstaka að



Minnismerki um sjómenn.



Ólafur Þ. Guðmundsson, kirkjugarðsvörður.

legan sjóð og svo kom sveitarfélagið að þessu með okkur. Heildarkostnaður er kominn í 23 milljónir og sveitarfélagið hefur fjármagnað um þriðjung af því. Svo fengum við styrk úr Kirkjugarðasjóði og þeir hafa verið okkur mjög hjálplegir og fylgst með þróun mála.“

Því leyttu til að notaðar voru hraunhellur í vegginn, ekki grjót eins og vanalega er notað í slíka vegg. „Hér var áður steyptur veggur sem var barn síns tíma en við fengum Walter Leslie og Gröfuþjónustuna í Reykjanesbæ til að sjá um hleðsluna og það tókst svo sannarlega vel til. Það er heldur ekki auðvelt að fá þetta

efni sem við notuðum við fengum hellurnar á Reykjanesi, með sérstöku leyfi, enda er Reykjanesið friðað. Hugmyndin var að sækja efnivið sem tengdist svæðinu, útliti garðsins og umhverfi og síðast en ekki síst útliti kirkjunnar. Það tókst með hjálp góðra manna og við erum afskaplega ánægð með útkomuna. Það var töluverð vinna að ná í efnið og vinna hellurnar til, en útkoman er góð.“

Vaxandi sókn

Síðasta verkið í garðinu var svo uppsetning á nýju hliði inn í garðinn en það bætir mjög aðgengi, t.d. þegar aka þarf inn í garðinn. Heildarsvipur garðsins er mjög fallegur og þar geta gestir tyllt sér á bekk og átt stund í næði eða notið útsýnisins. Þjónustuhús er byggt inn í hól í garðinum og sést ekki innan úr garðinum og kemur það vel út. Falleg minnismarki eru í garðinum og næsta nágrenni hans og gaman er að sækja garðinn heim. Sóknin

er jafnframt vaxandi og þörfin fyrir þjónustu garðsins að aukast í samræmi við það, en megin kirkjustarfið fer þó fram í Ytri-Njarðvíkursókn. Ólafur segir þó öflugt systrafélag á svæðinu, sem m.a. reki safnaðarheimilið, og auðvitað séu samkomur í kirkjunni annað slagið. Stærð hennar takmarki þó umfang kirkjustarfsins.

„Garðurinn þjónar sínu hlutverki þótt kirkjan sé lítil og við erum afskaplega ánægð með hvernig til hefur tekist og þakklát öllum þeim sem að verkinu hafa komið og gert vel,“ segir Ólafur að lokum.

Útsendari Bautasteins þakkar fyrir sig og leiðsögnina um garðinn á þessum bjarta degi þar sem umhverfið skartar sínu fegursta.

Heimildir: Bæklingur um Innri-Njarðvíkurkirkju 1886-1986, texti eftir Hörð Ágústsson.

Norræn ráðstefna í Gautaborg

Norræn ráðstefna um málefni kirkjugarða, bálstofa og útfararþjónustu verður haldin í Gautaborg í Svíþjóð dagana 9.-12. september 2009. Norrænu kirkjugarða- og bálstofusamböndin (NFKK) standa fyrir ráðstefnuhaldinu og bjóða útfararstofum þátttöku. Kirkjugarðasamband Íslands (KGSÍ) er innan NFKK og hafa fulltrúar íslenska sambandsins unnið að undirbúningi með kollegum á hinum Norðurlöndunum. Í tengslum við ráðstefnuna verður efnt til viðamikillar sýning-

ar á ýmis konar tækjum og áhöldum og þar verður kynnt þjónusta þeirra starfsgreina sem að ráðstefnuhaldinu koma.

Samnorrænar ráðstefnur eru haldnar fjórða hvert ár og var síðasta ráðstefna haldin í Reykjavík í ágúst 2005. Reiknað er með að hátt á sjöunda hundrað manns sækji ráðstefnuna í Gautaborg.

Fjölbreytt framleiðsla hjá Málmsteypunni Hella



Sáluhliðið á Skarði við Skarðsströnd er falleg smíð.



Minnismarki í sýningarreit í Fossvogskirkjugarði. Minnismarkið er eftir Rósu Gísladóttir og er unnið af Steinsmiðju S. Helgason, sem sá um grásteininn og Málmsteypunni Hella sem sá um bronsið.

Málmsteypa Hella er gamalgróið fyrirtæki sem hóf starfsemi sína árið 1949 í gamalli hlöðu í Reykjavík. Í dag er fyrirtækið til húsa í sérhönnuðu húsnæði við Kaplahraun í Hafnarfirði og hefur starfsemi þess vaxið mikið. Fyrirtækið býður upp á ýmsar vörur, s.s. krossa, skilti, bekkir og fleira sem nýtist í kirkjugörðum. Auk þess hefur fyrirtækið tekið að sér sérsmiði. Meðal þess sem hefur verið sérsmiðað er glæsilegt sáluhlið við kirkjuna á Skarði við Skarðsströnd. Hliðið má sjá á myndinni sem hér fylgir.

Fyrirtækið heldur úti veglegri heimasíðu þar sem lesa má um sögu þess og starfsemi. Slóðin er www.hella.is

Skildir
Krossar
Legsteinar



Kopar sem endist
um aldir
án viðhalds



Málmsteypan **HELLA**

Kaplahrauni 5 Hafnarfirði
Sími: 5651022
hella@hella.is www.hella.is

Skilti og smekklegar merkingar



Viðhaldsfritt
skiltakerfi fyrir
fjölbýlishús

Breytingar prentaðar
á venjulegan prentarar



BJÓÐUM EINNIG:

- Gluggmerkingar
- Hönnun & ráðgjöf
- Bílamerkingar
- Límniða (sólekta)
- Sandblástursfilmur

MERKISMENN 544
2030

Ármúla 36 • merkismenn@merkismenn.is

Komin í upprunalegan búning



Aðkoman að kirkjunni er svo sannarlega til fyrirmyndar. Þjónustuhúsið á vinstri hönd.

Kirkjan að Hjarðarholti í Dölum er um margt merkileg. Hún var reist árið 1904 að frumkvæði sr. Ólafs Ólafssonar, sem þá var prestur í Hjarðarholti, og teiknuð af Rögnvaldi Ólafssyni, fyrsta íslenska arkitektinum. Hún skipar því merkan sess í byggingarsögu Íslands enda fyrsta íslenska byggingin reist eftir teikningu íslensks arkitekts. Kirkjan var vígð 27. nóvember 1904 og til gamans má geta að byggingarkostnaður nam rúmum fimm þúsund krónum á sínum tíma.

Miklar endurbætur

Í gegnum tíðina hafa ýmsar framkvæmdir og síðar viðhald á kirkjunni átt sér stað. Um 1980 voru hafnar viðræður við húsafríðunarnefnd ríkisins með það að markmiði að standa fyrir frekari endurbótum sem myndu varðveita hina upprunalegu mynd kirkjunnar. Árið 1981 var steinlimdur grunnur kirkjunnar tekinn burt í áföngum og steinsteyptur nýr í staðinn. Það verk annaðist Benedikt Jóhannesson húsafríðunarnefndar, þáverandi formaður sóknarnefndar. Endurbætur hófust svo 1989 og stóðu til 1996 en þá var kirkjan endurvígð og má segja að hún sé komin í sitt upprunalega horf á ný. Hún hefur að mestu verið endurnýjuð að innan og m.a. hefur verið afmarkað rými fyrir söngfólk og hljóðfæri. Altarið hefur einnig verið hækkað upp og bólstruðum knékrjúpi bætt við. Að utan hefur verið skipt um allt járn en kirkjan er járnklædd bæði á þaki og veggj-



Nýja þjónustuhúsið.

um. Stálkross hefur verið settur upp og yfir inngangsdryrum er burst sem ber kross með hjarta og akkeri.

Vel heppnuð endurgerð

Melkorka Benediktsdóttir er formaður sóknarnefndar og segist hún mjög ánægð með hvernig tekist hefur til: „Kirkjan var mikið endurgerð á árunum 1990-1996 og var mjög vandað til þess. Þeir sem komu að því voru Aðalsteinn Valdimarsson bátasmiður, sem var yfirsmiður við verkið, Jón Svanur Pétursson sá um málningarvinnuna og af hálfu húsafríðunarnefndar var Leifur Blumenstein og eftir lát hans tók Bragi sonur hans við. Við vorum svo heppin að fá til verksins frábæra og vandvirka menn sem fundu margt við end-

urbæturnar sem talað var að hefði verið glatað.“

-Var þetta ekki erfitt í framkvæmd?

„Hafi verið einhverjir erfiðleikar er líklega fyrnt yfir þá, en það var mjög gaman að fá að taka þátt í þessu,“ segir Melkorka. „Það er einróma álit þeirra sem á annað borð tjá sig um það, að vel hafi tekist til og það er auðvitað vandi að umgangast svona hús og viðhalda því vel og halda hreinu dags daglega.“

Skipar stóran sess í samfélaginu

Melkorka segir kirkjuna skipa stóran sess í samfélaginu og eiga stað í hjarta Dalamanna. „Hún stendur á fallegum stað, er merkileg fyrir byggingarstílinn og sakir sögu sinnar sem fyrsta íslenska byggingin

sem íslenskur arkitekt teiknar og ég held að söfnuðurinn okkar sé vel meðvitaður um það. Nokkuð er um það að brottflutt fólk og jafnvel fólk sem aldrei hefur dvalið hér kjósi að hafa brúðkaup sitt í Hjarðarholtskirkju.“

Nýtt þjónustuhús

Nú síðast hefur þjónustuhúsi verið komið upp við kirkjuna en kröfur um bætta aðstöðu leiddu til þess að ákveðið var að fara út í byggingu slíks húss. Notaðar voru tillögur að þjónustuhúsi frá Kirkjugarðaráði og hófst undirbúningur haustið 2003. Í húsinu er safnaðarstofa sem er um 35 fermetrar að stærð, innangangur, snyrtingar og geymsla, en heildarstærð hússins er 70 m². Í forstofunni hefur verið komið fyrir gömlum legsteini sem fannst í kirkjugarðinum. Hann er höggvinn um eða fyrir miðja 19. öld og er úr rauðum Húsafellssteini. Hann var brotinn en gert hefur verið við hann og í forstofunni er gerð grein fyrir steininum og áletrun hans.

Staðsetning hússins var valin með tilliti til kirkjunnar, en staðsetning hennar er einstök þar sem hún stendur í suðurhlíðum Laxárdalsins og sést víða að. Út frá þessum sjónarmiðum var aðkoma, bílastæði og umgjörð kirkjunnar öll skipulögð. Framkvæmdir hófust svo haustið 2004 og sá Megin ehf. í Búðardal um byggingu hússins, en ARGOS ehf. arkitektastofa hannaði þjónustuhúsið. Í kjölfar byggingar hússins var ákveðið að ganga frá öllum framkvæmdum við lóð og úti-svæði og skipulagði Reynir Vilhjálmsson hjá Landslagi umhverfi kirkjunnar og þjónustuhússins, Ari Jóhannesson hlóð vegg og garða og Kolar ehf. sá um gerð bílastæða samkvæmt útboði. Melkorka segir að tímabært hafi verið að bæta aðstöðuna við kirkjuna. „Nýja þjónustuhúsið gjörbreytir allri aðstöðu til kirkjustarfs. Í því eru salerni, en það hefur aldrei verið salerni í eða við kirkjuna. Þarna er aðstaða til fataskipta fyrir prest og fermingarbörn, því ekki er heldur skúrúðhús í kirkjunni og svo er þar geymsla fyrir ýmsa muni kirkjunnar.“

Fjölbreyttir notkunarmöguleikar

Í hvað hefur húsið verið notað frá því það var tekið í notkun? „Auk þess sem áður er upp talið höfum við tekið á móti gestum í húsinu, boðið upp á kaffi að lokinni messu og haldið sóknarnefndarfundi þar. Presturinn hefur líka verið með hluta fermingarfræðslunnar í húsinu og hann hefur notað húsið til að taka á móti kirkju-



Umhverfi kirkjunnar hefur breyst mikið. Turnarnir og húsið á myndinni hafa nú verið fjarlægð.



Þessi mynd er tekin í september 1971.



Hjarðarholtskirkja, líklega í kringum 1950.

unnar mönnum og í raun og veru má segja að þessi nýja aðstaða opni okkur ótal nýja möguleika í kirkjustarfinu. Svo má ekki gleyma að við höfum haft anddyrið opið þannig að ferðafólk, jafnt sem kirkjugestir, geti notað salernin þótt lokað sé inn í safnaðarstofuna. Ég held líka að notkun þjónustuhússins muni þróast á næstu árum. Þar mætti t.d. koma upp ýmiskonar sýningum og nota það til fjölbreyttra samkoma.“

Melkorka segir það kost í sínum huga að húsið standi úti í sveit í kyrrðinni og

þar sé gott að vera. „Kannski væri nýtingin meiri ef húsið stæði inni í þorpinu, en það fylgir fyrst og fremst kirkjustarfinu og þá er gott að sækja í kyrrðina úti í sveit.“ Síðastliðið sumar var farið í framkvæmdir við bílastæði og umhverfi kirkjunnar. Þann 20. ágúst sl. var húsið formlega tekið í notkun en það hafði fyrst verið notað við fermingar í apríl það ár. „Ég tel að það hafi fyllilega verið þörf á að byggja slíkt hús enda stórbætir það alla aðstöðu fyrir sóknarbörn sem og ferðafólk sem gjarnan kemur við á kirkjustöðum á ferðum sínum um landið.“

Við höfum átt ánægjulegt samstarf við þá sem yfirumsjón hafa með þessu öllu saman. Auk þeirra sem áður hafa verið nefndir varðandi endurgerð kirkjunnar, umhverfi hennar og lagfæringar á kirkjugarðinum þá vil ég sérstaklega nefna Guðmund Rafn Sigurðsson, framkvæmdastjóra kirkjugarðaráðs, sem hefur stutt okkur með ráðum og dáð og ekki hægt að lýsa svo vel fari hvað hann hefur reynst okkur vel. Svo vil ég nefna Stefán Örn Stefánsson, arkitekt og Gunnar St. Ólafsson, verkfræðing í sambandi við þjónustuhúsið og Reyni Vilhjálmsson landslagsarkitekt sem teiknaði bílastæðin. Framkvæmdirnar tala svo sínu máli, öll vinna er vönduð og vel frá öllu gengið. Þökk sé þeim verktökum og einstaklingum sem þar eiga hlut að máli.“

Útkoman er svo sannarlega glæsileg og ástæða til að hvetja ferðalanga til að stoppa við kirkjuna í Hjarðarholti og kynna sér þessa merku byggingu.

Heimild: Bæklingur útgefinn í tilefni af Kirkjuhátið 20. ágúst 2006

LG eftirlitskerfi og myndavélar

MEÐ VAKANDI AUGA

TIL ÖRYGGIS!

LG eftirlitsmyndavélar fáast í ýmsum útfærslum og verðflokkum og henta jafnt í fyrirtækjum, á einkaheimilum, sumarhúsum, fjölbýlishúsum og jafnvel gripahúsum. Eftirlitsmyndavélar einfalda allt eftirlit, auka öryggi og notkun þeirra getur komið í veg fyrir tjón.

Color Dual Quad Kit LSP-Q103

Hægt að nota með hvaða sjónvarpi eða monitor sem er (RCA tenging)
2 venjulegar myndavélar + 1 myndavél með hreyfiskynjara
Þjófavamerkerfisinntak á myndavél / úttak á monitor
Fyrir allt að 8 myndavélar (4 í einu á skjá)
Getur sjálfvirkt róterað á milli 8 myndavéla (allur skjár)
Mynd í mynd: Valmöguleiki

41.708 kr.

með vsk



17" Color Monitor Kit LSP-M1017

17" flatur litaskjár með innbyggðum skipti „Quad“
2 venjulegar myndavélar + 1 myndavél með hreyfiskynjara
Þjófavamerkerfisinntak á myndavél / úttak á monitor
fyrir allt að 8 myndavélar (4 í einu á skjá)
Getur sjálfvirkt róterað á milli 8 myndavéla (allur skjár)
Mynd í mynd: Valmöguleiki

56.025 kr.

með vsk



TL-AT130 „Time Lapse“ Video

Upptaka „Time Lapse“ 1280 klst. / rauntími:
30 klst. Ýmsir stillingarmöguleikar á upptöku
RS232 PC-tenging
30 daga afritun

17.430 kr.

með vsk



LVC-CS100

Myndavél með hreyfiskynjara lit og svarthvítt
Myndavél með hreyfiskynjara / innandyra

11.205 kr.

með vsk



LVC-CY100

Myndavél, lit og svarthvítt
Hægt að nota utandyra

9.338 með vsk.

með vsk



LVC-D100 / D10 „Mini Dome“

Myndavél, lit og svarthvítt

11.205 kr.

með vsk




VÉLAR & VERKEFÆRI



Framkvæmdir við duftgarð á áætlun

Duftgarðurinn Sólland í Reykjavík er smám saman að taka á sig mynd. Einkennum svæðisins er hið egglega form, lækjarfarvegir og tjörninn syðst. Í fyrrasumar var lokið við mótun lands, stíga-gerð og uppsteypu mannvirkja við aðkomutorg. Einnig var grasfræi sáð í yfirborð svæðisins og segja má að hin frumlega hönnun garðsins sé þegar farin að njóta sín í landslaginu.

Nú í vor verða lagðar drenlagnir sem þjóna þeim tilgangi að ræsa fram grafarsvæði og veita vatni í lækjarfarvegi á milli hólma garðsins. Einnig verður unnið við gróðursetningu trjágróðurs og mótun lækjarfarvega. Að sögn Þorgeirs Adamssonar, garðyrkjustjóra Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, eru framkvæmdir á tímaáætlun og stefnt er að því að vígja garðinn í lok sumars árið 2009.



Framkvæmdir við duftgarðinn Sólland ganga vel. Ljós.: ÞA.



ÚTFARARÞJÓNUSTA KIRKJUGARÐA AKUREYRAR

Höfði, v/ Þórunnarstræti · 600 Akureyri
Sími 461 4060 · Fax 461 4061

Þjóðum upp á krossa á leiði

- Trékrossa
- Zinkhúðaða
- Úr ryðfríu stáli
- Áletrum plötur

Eigum margar gerðir af krossum



LEGSTEINAR



Steinsmiðjan **MOSAİK**

Hamarshöfða 4 – sími 587 1960
www.mosaik.is

Vísir að minjasafni

- munir er tengjast starfsemi Kirkjugarða Reykjavíkur

Sigurjón Jónasson, rekstrarstjóri KGRP, er áhugasamur um varðveislu gamalla hluta. Hann hefur um árabíl safnað munum er tengjast sögu og rekstri Kirkjugarða Reykjavíkur og hefur komið upp vísi að minjasafni, sem m.a. má sjá í útstillingarglugga við skrifstofu KGRP.

Aðspurður segist hann alltaf hafa haft gaman af gömlum hlutum og séð verðmæti í ýmsu sem aðrir vilja henda. „Þegar ég kom til starfa hér 1976 þá var í gangi mikið endurnýjunartímabil þar sem verið var að skipta um símakerfi, og eitt og annað, og eins og oft vill verða er gömlum hlutum hent. Sjálfur hef ég alltaf haft áhuga á að safna gömlu og því fékk ég að halda eftir einum og einum hlut sem ég stakk þá til hliðar og reyndi að geyma. Svo fór ég að safna þessu heim til mín, hafði nóg pláss, og stillti þessum hlutum upp þar. Síðar þegar ég flutti annað þá minnkaði pláss-ið og þar sem ætlunin var alltaf að koma þessu aftur á sinn stað, og reyna að koma af stað safni gripa sem tengjast stofnuninni, fór ég að huga að því að koma þeim heim fyrir í húsnæði KGRP. Allir gripir sem eru til sýnis í útstillingarglugganum hafa verið notaðir hér. Þeir eru merktir og segja sína sögu. Svo eru fleiri hlutir í geymslu sem gaman væri að geta sýnt síðar.“

Merkir gripir innan um

Meðal þess sem sjá má í glugganum er afrit af skjali sem Dr. Med. Gunnlaugur Claessen, sem var einn af upphafsmönnum að bálstofunni hér á landi, hlaut er hann var gerður að heiðursmeðlimi í dönsku bálfararsamtökunum. „Hingað komu tvær konur, afkomendur Gunnlaugs, með þetta skjal og færðu mér en það hafði legið úti í Danmörku í einhverja áratugi eins og sjá má á því. Mér þykir afar vænt um þetta skjal og við höfum stillt upp afriti af því í sýningarglugganum.“

Sigurjón segist einnig hafa gert merka uppgötvun þegar KGRP voru færðir munir úr eigu Kjartans Jónssonar, sem vann um langt skeið hjá stofnuninni. „Meðal þess



Sigurjón Jónasson, rekstrarstjóri KGRP, við útstillingargluggann.

sem hann gaf okkur var Telefunken útvarpstæki frá 1934 sem hann notaði hér um árabíl og þetta tæki má sjá í glugga-

el. Annað sagt vera kista sem Kjartan smíðaði utan um sjálfan sig og hitt kista sem smíðuð var utan um bein Jónasar



Líkanið af kistunni um bein Jónasar Hallgrímssonar.

num góða. Það var afkomandi Kjartans, sonarsonur hans og alnafni, sem færði mér myndir frá þessu tímabili sem afi hans vann hér sem og muni sem hann hafði smíðað. Að auki fylgdu bókarkompur tvær sem eru afar merkilegar. Kjartan var völundur í höndunum og meðal þess sem við fengum afhent voru tvö kistumóð-

Hallgrímssonar. Kjartan yngri afhenti okkur þetta með pompi og pragt en faðir hans, Jón R. Kjartansson, hafði haldið utan um munina eftir föður sinn og síðar Kjartan yngri. Okkur þótti mjög vænt um að þeir skyldu hugsa til okkar og færa okkur þessa gjöf.“



Kápan af heiðursskjali Dr. Med. Gunnlaugs Claessen og skjalið sjálf.

Óvænt uppgötvun


Sigurjón gerði óvænta uppgötvun þegar hann fór að blaða í bókunum tveimur. „Það liðu þó nokkrar vikur áður en ég átt- aði mig á því að önnur bókin innhélt óvænt leyndarmál. Í þessari litlu bók hafði Kjartan haldið tímaskráningu. Ég hafði flett í gegnum hana og ekki séð neitt annað en dagsetningar og tíma. Svo er það allt í einu einn daginn að ég fer eitthvað að blaða í henni aftur og rek þá augun í eftirfarandi texta aftarlega í bókinni: „31. október 1946 fór ég til Þingvalla og kistu-

lagði bein Jónasar Hallgrímssonar skálds í sinkkistu og 1 ½ tommu eikarkistu.“ Undir þetta ritar Kjartan Jónsson, Urðarstíg 4. Svo stendur aftar: „16. nóvember voru beinin jarðsett á Þingvöllum.“ Þarna voru líka litlar ljósmyndir af kistunni og annað kistulíkanið sem við fengum er nákvæm eftirmynd hennar. Á bakhlið myndarinnar stendur „Kista um beinin.“ Sigurjón varð auðvitað mjög hissa að finna þennan texta enda hafa margar kenningar verið á lofti um bein Jónasar eins og lesa má um í fjölda rita, t.d. í Ferðalokum eftir Jón Karl

Helgason. Þessi texti Kjartans virðist a. m.k. styðja þá kenningu að meint bein Jónasar, eða allavega hluti þeirra, hafi verið grafin á Þingvöllum. Þegar myndin af kistunni er svo skoðuð kemur í ljós að annað kistulíkanið sem Sigurjóni var afhent er nákvæm eftirmynd kistunnar sem í minnisbókinni er sögð kistan um bein Jónasar Hallgrímssonar. „Þetta er gott dæmi um hvað getur dúkkað upp þegar haldið er upp á gamla muni,“ segir Sigurjón og brosir.

Stefnt að frekari söfnun

En skyldi stefnt að uppsetningu minja- safns um sögu kirkjugarðanna? „Áhuginn er fyrir hendi en það er kannski ekki bein- línis í kortunum alveg eins og er að setja upp safn. Hins vegar hefur lauslega verið rætt um það að í nýbyggingunni í Gufu- neskirkjugarði verði skreyting með göml- um myndum úr sögu garðanna. Hér er til mikið af sögulegum myndum sem væri gaman að koma á framfæri. Svo eru auð- vitað stakir munir sem munu prýða híbýli garðanna hér og þar, t.d. í frístandandi útstillingarstöndum eða á annan hátt. Svo er auðvitað vísir að safni á torginu í Hóla- vallagarði þar sem safnað hefur verið saman ýmsum „heimilislausum“ steinum og minnismerkjum. Þar er líka upplýs- ingaskilti fólki til fróðleiks. Ég mun að minnsta kosti halda áfram að safna þess- um hlutum og vonandi getum við notið þeirra um ókomna tíð.“



Myndin sem fylgdi bókinni „Kista um beinin“ er áritað á bak hennar.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fylgihluta - ljósker, englar, kerti, blómavasar, styttur og margt fleira.

Uppsetning, grafskrift og viðhaldsþjónusta.

Hafðu samband eða kynntu þér þjónustuna í verslun okkar.



S:HELGASON

Skemmuvegi 48

200 Kópavogur

sími 557 6677

www.shelgason.is

**Komatsu Zenoah vélorf,
keðjusagir og limgerðisklippur.**
Sterkbyggð, örugg og afkastamikil vinnutæki


Vetrarsól ehf.

Vetrarsól ehf.
Askalind 4, Kópavogur
Sími 564 1864 · Fax 564 1894
Netfang vetrarsol@simnet.is



Stiga sláttuvélar í úrvali.

Sænskar, einstaklega
notendavænar sláttuvélar



Club Car raf- og bensínbifreiðar í úrvali.

Virtasta fyrirtæki sinnar tegundar í heiminum með 40 ára reynslu.



**Útför
jarðarför - bálför**

*Athyglisverðar
upplýsingar, kynnið
ykkur málið!*

kirkjugardar.is/hagnytar




HLEÐSLUR

www.meistari.is


BM-VALLÁ


Félag Skrudgarðyrkjumeistara



Björn Th. Björnsson.

Björn Th. Björnsson

Legsteinar: Minningarmörk atburða

Þess eru dæmi, m.a. í Hólavallagarði, að legsteinn sé ekki aðeins minningarmark um liðinn einstakling, heldur um atburð, oftast vofveiflegan, þar sem margir menn eiga í hlut og hvíla saman undir einu og sama legmarki. Vestast í Hólavallagarði, nálægt Ljósvallagötu, má sjá mikið bjarg, óhöggvið að öðru en letri, sem minnir á raunarlegan stóratburð á þriðja áratugi liðinnar aldar. Í bókinni *Minningarmörk* í Hólavallagarði segir svo frá:

„Þegar menn úr Staðarhverfi vestan Grindavíkur fylgdu fé í fjöru morguninn þess 6. apríl 1924, komu þeir auga á torkennilegt brak; síðan sáu þeir lík fljóta upp og óðu út í að draga það undan sjó. Síðdegis fóru fleiri menn ofan á Staðarmalir og gaf þá enn að líta: fjögur lík til viðbótar. Á bátsþóftunum og árunum stóð nafnið „Anna Tofte“, eftir því sem bezt varð lesið, en menn voru þó engu nær. Sumir minntust þess nú, að ljós hefðu sézt ískeygglega nálægt landi í útsynningnum nóttina áður. Þegar hringt var til Reykjavíkur kom brátt það svar, að hér myndi sennilegast vera um að ræða færeyska fiskikútturinn Önnu frá Tofte á Austurey, sem verið hefði á leið til Reykjavíkur utan af Selvogsbanka. Væri þetta 82 smálesta skip, sem áður var í eigu Péturs J. Thorsteins-

að 17 menn hefðu verið á Önnu, en til þessa hafði aðeins 7 líkum verið bjargað undan sjó.

Lík færeysku sjómanna voru flutt heim á Stað og þar búizt til að jarða þau, svo sem fyrrum hafði verið siður um sjórekna menn. En þá komu þau orð frá sendiherra Dana í Reykjavík, að flytja ætti líkin þangað og ef til vill áfram til Færeyja. Voru nú sendir af stað bílar þessa torfæru leið að sækja líkin. Var jarðarförin ákveðin föstudaginn 11. apríl og skyldi jarðað hér heima. Var allnokkuð skrifað í blöðin um þetta hryggilega slys og skorað á bæjarbúa að fjölmenna við jarðarförina til þess að votta færeysku þjóðinni virðingu og samúð. „Hér eru lagðir í íslenskan kirkjugarð erlendir menn, en þó frændur vorir, synir smáþjóðar, eins og við erum, norrænir menn, sprotnir af sama stofni og við: hrjóstrugt land, bólgið brim við sand, óbliða náttúru og örðugleika smáþjóðar ... Seytján hrausta, vinnandi menn hefir litla færeyska fiskimannþjóðin misst.“

Daginn sem jarðarförin átti að fara fram var símað frá Grindavík að áttunda líkið hefði rekið, og var bifreið þegar send eftir því. Þegar suðureftir kom, hafði það níunda enn bæzt við, og



sonar og hét þá Sléttanes, og að færeyskri venju um margmennið á slíkum skútum hefðu líklega verið allt að 25 mönnum um borð. Enn rak lík, og enn brak. Og enn fréttist það frá Reykjavík, að önnur færeysk skúta, Marsdal, hefði haft samflot með Önnu frá Tofte utan af Banka og stefnt fyrir Reykjanes, en skipstjórinn á Marsdal hefði um kvöldið séð af ljósunum að Anna sigldi allt of austarlega, undan veðrinu, og óttast að hún næði ekki fyrir nesid. Engin fjaraskiptatæki voru þá á slíkum skipum; hver varð að sjá fyrir sér. Enn fengust þær upplýsingar frá útgerðinni í Færeyjum,

fylgdust þau öll að í eina og sömu gröf. „Jarðarför þessara manna hefir verið einhver sú hátíðlegasta og fjölmennasta sem hér hefir farið fram í langa tíð. Var kirkjan troðfull út í dyr, og líkfylgd suður í garðinn afar fjölmenn“, segir Morgunblaðið daginn eftir, þann 12. apríl. Séra Bjarni Jónsson flutti ræðu í kirkjunni og mælti á danska tungu, og þegar sunginn var sálmurinn „Dejlig er Jorden“, stóðu allir upp. Kisturnar níu voru bornar alla leið suður í garðinn, og gengu undir þeim meðlimir verzlunarráðsins, útgerðarmenn og Færeyingar sem búsettir voru í bænum. Í garð-

inum mælti færeyski trúboðinn Alfred Petersen yfir gröfni, en hann fylgdi færeysku skútunum meðan þær voru hér að veiðum. „Hafa aldrei verið jarðaðir svo margir menn síðan 1906, að drukkunin mikla varð við Viðey“, segir í blaðinu að lokum.

Færeyingar eru einstakir að því að búa að sínum látnu af mikilli virðingu. Hér brást það heldur ekki. Ekki leið á löngu þar til fluttur var í garðinn mikill klettur með áhöggnum letri og lagður á hlæður yfir gröfni, í reit D 9 – 8. Af áletruninni má sjá, að enn hafa fundizt fimm af áhöfn Önnu af Tofte og verið jarðaðir þar nokkru síðar, því framan á steininum stendur:

**TIL MINDE OM SYTTEN FÆRØISKE FISKERE
DER FORLISTE MED KUTTER ANNA AF TOFTE
VED GRINDAVÍK DEN 5. APRIL 1924
FJORTEN HVILE HER**

Ofan á steininum getur að lesa þessa hendingar:

**HVIL I FRED OG GUD I VOLD
VÆRE EDERS SJÆLE
OM JER GRAV BLEV BØLGEN KOLD
ELLER HER I DVÆLE**



Steinninn yfir sjómennina af Önnu af Tofte er ólíkur öðrum steinum í garðinum, skófum þakið grettishaf á undirsteinum eða hlæðum. Annað minnismarki er í garðinum um færeyska sjómenn sem einnig sker sig nokkuð úr, en á talsvert annan hátt, þar sem það er mjög unninn steinn með gylltu letri og lágmynd af skútu undir fullum seglum. Hann er í reit G9 – 33, nýlega hreinsaður og gull dregið í stafina, svo aldurinn er ekki á honum að sjá. Steinninn er óreglulegur í laginu, grófur að utan, en á framhliðinni eru höggðir tveir sléttir fletir, sá efri með lágmynd skútunnar á bárum, en sá neðri með eftirfarandi áletrun úr gylltum stöfum og nú á færeysku en ekki dönsku:



**VIÐ FØROYSKA FISKISKIPNUM
A C O R N**

**BRENDUST OG DOYÐU HESIR
MENN 20 - 3 - 1928**

**D. DEBES - GJÓGV
H.J. JOENSEN - -
N. KLEIN - - -
H.J. BISKOPTSTØ -
D.P. OLSEN - FUNNING
H. JACOBSEN - EIDI
H.D. MØRKØRE - -**

**TEIR SKOÐAÐU STÓRVERK HARRANS
OG Í DÝPINUM UNÐUR HANS
Í NEYÐ SÍNI HEITTU TEIR Á HARRAN
OG HANN HJÁLPTI ÚR TRÓNGDUM.**

Orð þessi eru tekin úr Davíðssálmum, 107, 24-28, en í íslensku biblíunni eru þau svolátandi: „Þeir hafa séð verk Drottins / og dásemdir hans í djúpinu – Þá hrópuðu þeir til Drottins í neyð sinni, / og hann leiddi þá úr angist þeirra.“

Lesandi á stein þennan hlýtur að staldra við orðin „brendust og doyðu“, því oftast er að erlendir sjómenn í görðum okkar hafi orðið sjódaudir. En til þess er einkar átakanleg saga sem lesa mátti í íslenskum blöðum í marslok 1928. Færeyska skútan Acorn var að veiðum á Selvogsbanka er hún fékk skyndilega á sig krappan hnút, svo hún var nærri farin á hliðina, og allt lauslegt um borð kastaðist til. Frammi í lúkar voru níu menn og höfðu hjá sér ljóstýru. Við ágjöfina streymdi sjór niður í lúkarinn, en í sama mund sentist karbíðdunkur ofan af hillu niður á gólf og laskaðist, en um leið varð af ógurleg sprenging. Einn mannanna hné þegar dauður niður, en hinir átta komust upp, flestir í logahafi. Þeir sem höfðu verið aftur á hlupu þegar til, reyndu að slökkva í mönnunum og draga þá aftur í káetuna, meðan skipið logaði framan og sjór gekk yfir það í föllum. Tveir í viðbót létust þegar, og meðan barizt var við eldinn gáfu enn þrír upp öndina, mjög illa brenndir.

Var nú reynt að koma upp seglum og stefna fyrir Reykjanes, í átt til Reykjavíkur. „Var það erfið ferð, því að þeir fengu hvorki neytt svefns né matar allan tímann. Í káetunni máttu þeir ekki kveikja upp eld, því hinir brunasáru þoldu ekki hitann. Enda ekki aðgengilegt að vera að matseld innan um líkin.“ Um leið og Acorn kom til Reykjavíkur voru þeir þrír brunasáru, sem enn

lifðu, fluttir á Landakotsspítala. Voru þá liðnir þrír sólarhringar frá því að slysið varð.

Einnmitt þessa dagana var staddur í Reykjavík Jóhannes Paturson kóngsbóndi í Kirkjubæ og flutti hann opinber erindi um færseyska menningu og fiskiveiðar í Nýja Bíó. Kom þessi voðasending af hafinu því sorglega heim við þá erfiðu og frumstæðu sjósókn landa sinna sem Paturson lýsti.

Jarðarför sjómannanna af Acorn fór fram þann 29. mars frá Líkhusinu í kirkjugarðinum. Kisturnar voru þá orðnar sjö, því einn, Hans Doris Mörköre frá Eiði, hafði látist á spítalanum. Mikið var við haft, séra Bjarni flutti líkræðu, Karlakór KFUM söng, en sendiherrar Dana, Svía og Finna, auk Jóhannesar kóngsbóna og skipverja af Acorn fylgdu kistunum til grafar. Ekki leið heldur á löngu áður en legsteinninn barst hingað til lands, sennilega höggvinn í Færeyjum, og minnir með skútumynd sinni á þann skamma tíma sem liðinn er síðan sjómenn urðu að berjast tækjalausir með berum höndum við ógnaröfl sjávar – og elds.“

Kafla úr bókinni Minningarmörk í Hólavallagarði, eftir Björn Th. Björnsson. Útgefin af Máli og Menningu 1988. Bls. 225-230.

Ljósmyndir: Magnús Jónsson.

Skýrsla um Hólavallagarð komin út



Úr Hólavallagarði. Leiði Dr. Péturs Péturssonar biskups, en það var lagfært fyrir þremur árum og styrkti Kirkjugarðasjóður það verkefni. Til hægri á myndinni má sjá glitta í leiði Sveinbjörns Sveinbjörnssonar tónskálds og er það í niðurníðslu. Það leiði hefur verið lagfært síðan og stóð ríkissjóður að þeirri lagfæringu.

minningarmörk og gerði í kirkjugarðinu, en þau eru alls 7465 talsins. Mat á gildi allra minja í Hólavallagarði var ætlað að vera grundvöllur sem starfsfólk KGRP gæti stuðst við vegna viðhalds minja í garðinum, en slík verkefni hafa aukist mikið síðastliðin misseri. Höfundur skýrslunnar er Gunnar Bollason, sagnfræðingur.

Í febrúar 2002 gerðu Fornleifavernd ríkisins og Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma með sér verksamning um minjar í Hólavallagarði við Suðurgötu. Samningurinn var þriðþættur. Í fyrsta lagi tók Fornleifavernd ríkisins að sér að flokka og meta ástand allra legsteina og minningarmarkna í kirkjugarðinum sem og bakka, gerða og hvers konar grindverka í kringum leiðin. Í öðru lagi skyldi stofnunin veita ráðgjöf um hvernig best væri staðið að varðveislu minjanna. Í þriðja lagi að semja texta um valdar minjar í Hólavallagarði sem unnt væri að nýta á skilti, sem KGRP ætluðu að setja upp í garðinum, gestum til fróðleiks og til birtingar á vefsvæði KGRP. Verkið var kostað af KGRP og kirkjugarðasjóði.

Viðamikil skýrsla um Hólavallagarð við Suðurgötu kom út á síðasta ári. Skýrslan er 550 blaðsíður og fjallar um flokkun og

lýsingu minningarmarkna og leiðisumgjarða með tilliti til menningarsögulegs gildis þeirra. Farið var nákvæmlega yfir öll



Fjöl-smíð ehf

Likkistuvinnustofa

Fjöl-smíð Likkistuvinnustofa er fjölskyldufyrirtæki sem stofnsett var árið 1995. Fyrirtækið sérhæfir sig í framleiðslu á likkistum og krossum á leiði, auk þess að sjá um bólstrun og hönnun á sængurfötum í kistur. Fjöl-Smíð býður upp á fjölbreytt úrval af likkistum. Einnig bjóðum við margar tegundir af duftkerum og hluti sem notaðir eru í kirkjugörðum, s.s. blómavasa og kertaluktir.



Fyrirtækið þjónustar útfararstofur á höfuðborgarsvæðinu sem og á landsbyggðinni, jafnframt því að þjónusta heilbrigðisstofnanir og einstaklinga um land allt. Að Stapahrauni 5 er rúmgóður sýningarsalur sem opinn er alla virka daga frá kl.8.00 til 17.00, og eru þar veittar allar upplýsingar um vörur og þjónustu, einnig er hægt að hafa samband eftir lokun og um helgar í síma 565-8995 og farsíma 898-5765, einnig er hægt að fá sendan bækling ef eftir því er óskað. Kisturnar frá okkur uppfylla kröfur umhverfisstaðla Norðurlanda hvað varðar greftrun og brennslu.



Fjöl-smíð likkistuvinnustofa
 Stapahrauni 5 - 220 Hafnarfirði
 sími: 565-5775.
 Netfang: fjol-smid@mmedia.is
 Heimasíða: <http://www.likkistur.is>

REYNSLA • UMHYGGJA • TRAUST



Arnór L. Pálsson
frankvæmdastjóri



Ísleifur Jónsson
útfararstjóri



Frímenn Andrésen
útfararþjónusta



Svafar Magnússon
útfararþjónusta



Hugrún Jónsdóttir
útfararþjónusta



Guðmundur Baldvinsson
útfararþjónusta



Þorsteinn Elísson
útfararþjónusta



Ellert Ingason
útfararþjónusta

*Þegar andlát
ber að höndum*

*Önnumst alla þætti
útfararinnar*



**ÚTFARARSTOFA
KIRKJUGARÐANNA**

Vesturhlíð 2 • Fossvogi • Sími 551 1266 • www.utfor.is

Nýtt starfsmannahús í Hafnarfirði

Fyrir tæpu ári síðan var tekið í notkun nýtt starfsmannahús við kirkjugarðinn í Hafnarfirði. Húsið, sem er um 160 fermetrar að stærð, er steinsteypt en klætt með eikarklæðningu að utan og leysti af hólmi eldra hús sem var orðið allt of lítið og hentaði illa til starfseminnar. Að sögn Arnórs Sigurðssonar umsjónarmanns kirkjugarðsins er byltning fyrir starfsfólkið að fá nýja húsið. „Við vorum áður með 20 fermetra skúr sem aðstöðu og af honum er helmingurinn geymsla. Hann var byggður 1953 og ekki einu sinni einangraður svo að þetta er gjörbylting í starfsmanna- aðstöðu.“ Í nýja húsinu er eldhúsaðstaða og kaffistofa, salernisaðstaða, skrifstofur, fundarherbergi, þvottaherbergi, skápar fyrir starfsmenn og þurrkherbergi fyrir galla svo eitthvað sé nefnt. Þrír starfsmenn eru fastráðnir að staðaldri en á sumrin bætast fleiri við enda mikill garðsláttur sem þarf að sinna. Ekki er möguleiki á að stækka garðinn meira og telur Arnór að um fimm ár séu eftir í notkun á núverandi garði. „Við eigum að fá stækkun hinum megin við Kaldárselsveginn og svo höfum við óskað eftir að fá land í Kjóadal en höfum ekki fengið nein svör frá sveitarfélaginu varðandi þau mál.“

Skemmtileg hönnun

Húsið var aðeins um ár í byggingu og var lögð áhersla á að skipta við heimamenn í verkferlinu. „Það eru 100% vinnubrögð á öllu hér í húsinu og við vorum með frábæra verkaðila á öllum stigum. Smiðir voru Eiríkur og Einar Valur en um hönnunina sá arkitektastofan Batteríð hér í Hafnarfirði. Þráinn Hauksson hjá Landslagi sá svo alfarið um lóðahönnun og Björn og Guðni sáu um lóðafrágang.“

Bygging slíks húss er vissulega kostnaðarsöm en Arnór segir garðinn vel rekinn og þeir hafi alfarið fjármagnað framkvæmdirnar sjálfir.

Athyglisverð nýjung

Eitt það athyglisverðasta við nýja húsið er að í glugga á anddyri hússins verður komið fyrir snertiskjá þar sem leita má uppi öll legstæði í garðinum. Ólíkt mörg-



Arnór við nýja húsið. Til stendur að setja ljós í krossinn undir þakskegginu og mun hann vísa veginn inn í garðinn..

um gördum eru öll legstæði skráð frá upphafi en byrjað var að grafa í garðinn árið 1921. „Við áttum í vandræðum með að fá skjáinn til að virka í gegnum tvöfalt gler en við höfum fundið lausn á því og skjárinn er tilbúinn til notkunar. Böðvar Egg-


í vandræðum við að slá inn nafn. Þarna má finna alla þá sem hér eru grafnir, enda höfum við upplýsingar um þá alla. Meira að segja börn sem eru grafnir í kistum með öðrum,“ segir Arnór. Skjár þessi er svo sannarlega nýstárlegur og eykur upplýs-



Fallegur frágangur á baklód hússins. Ljós felld inn í hlaðinn vegg.

ertsson hefur hannað þetta kerfi fyrir okkur og fljótlega geta allir sem hingað koma slegið inn nafn á skjánum og fundið þar með einföldum hætti hvar viðkomandi aðili er grafnir. Við höfum sett inn alla stafi í stafrófinu, meira að segja stafi með komnum, þannig að enginn þarf að lenda

ingagildi garðsins mikið. Hann verður aðgengilegur öllum sem garðinn sækja og þar sem starfsmannahúsið er staðsett við innganginn í garðinn er auðvelt að byrja á því að skoða skjáinn og halda svo áleiðis inn í kirkjugarðinn.



Skjárnir sem festur verður upp á rúðu í anddyri hússins. Þar má leita í legstaðaskrá garðsins.

Miklar framkvæmdir

Í garðinum er einnig að finna eldri byggingu sem hýsir m.a. kapellu og líkhús. Þar hafa einnig verið framkvæmdir og nú nýverið voru settir þar upp kælliskápar sem stórbæta aðstöðuna. Mikið hefur verið framkvæmt í garðinum undanfarið ár og alls staðar er verið að snyrta til og lagfæra. Inngangurinn í garðinn hefur færst til með breytingu á lagningu Reykjanesbrautar og er aðalinngangurinn nú þar sem starfsmannahúsið stendur. Minni umferðarniður er nú í garðinum og fríðsælt að ganga þar um og skoða vel hirtan og fallegan garðinn. Framkvæmdum er þó

ekki að fullu lokið og er unnið að lokafrágangi á lóð og aðkomu í kringum nýja húsið. Þegar þeirri vinnu verður lokið má með sannri segja að nýja húsið sé glæsilegt andlit á garðinum sem tekur á móti gestum.



22 - 156 hö

Fyrsta flokks tækni í fyrirferðarlitilli hönnun

SCHÄFFER liðléttingarnir eru liprar og öflugar vinnuvélar sem bjóða upp á mikla notkunarmöguleika á hefðbundnu sveitabýli.

Algengasta notkun vélanna er í kringum fóðrun gripa og útmokstur á búfjáraþurði úr kjöllurum eða stíum.

Liðléttingarnir eru fánlegir í mörgum stærðum og gerðum sem henta við hinar fjölbreytilegustu aðstæður.

Minnstu vélarnar eru einungis 79 sm á breidd og geta snúið við nánast á punktinum. Þessar vélar geta þrátt fyrir smæðina lyft venjulegum rúllubagga upp í 2,70 m hæð.

Stærstu liðléttingarnir eru aftur á móti fullvaxnar vinnuvélar sem geta lyft hlasi yfir 3 tonn.

SCHÄFFER framleiðir 40 gerðir vinnuvéla og ein af þeim er sérsniðin að þínum þörfum

2000 línan



Aft: 22 - 33 hö

Lyftiaft: 1500 - 1600 kg



3000 línan

Aft: 26 - 45 hö

Lyftiaft: 1600 - 1700 kg



4000 línan

Aft: 50 - 60 hö

Lyftiaft: 2300 - 2400 kg



Skotbómur

Aft: 48 - 156 hö

Lyftiaft: 1800 - 3500 kg

JÖTUNN • VÉLAR ehf.

Jötunn Vélar hf - Austurvegur 69 - 800 Selfoss
Sími: 480 0400 - Fax: 482 4108 - www.jotunn.is

Sameining kirkjugarðsstjórna

Á undanförunum árum hefur stjórn KGSÍ haldið mjög á lofti umræðu um sameiningu stjórna kirkjugarða þar sem því verður við komið. Er þá verið að hvetja til sameiningar eða samvinnu þeirra kirkjugarðsstjórna sem geta séð sér hag í slíku. Ekki sameiningu sameiningarinnar vegna.

Nú þegar hafa Eyfirðingar riðið á vaðið og sameinað 6 kirkjugarðsstjórnir í Eyjafjarðarsveit í eina stjórn sem þýðir að einn fulltrúi hvers sóknarnefndar er skipaður til setu í hinni nýju kirkjugarðsstjórn. Í Svarfaðardal og á Dalvík hefur líka verið sameinað og fleiri kirkjugarðsstjórnir í Eyjafirði eru að vinna að sínum málum. Fréttir hafa einnig borist um einhverjar hreyfingar í þá átt á Suðurlandi.

Nýverið stóð KGSÍ fyrir sameiginlegum fundi kirkjugarðsstjórna, eða sóknarnefnda og presta, í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmum. Þar voru þessi mál rædd ítarlega og standa vonir til að einhver hreyfing komist á málið í kjölfarið.

Með bættem samgöngum, breytingu á kirkjugarðslögum og aukinni viðsýni opnast sá möguleiki að menn taki höndum saman og hagræði með sameiningu eða samvinnu að einhverju leyti. Í Eyjafjarðarsveit eru t.a.m 6 kirkjugarðar og nánast sér á milli þeirra allra. Þar voru jafnmargir rekstraraðilar sem hver um sig sá um sinn garð og keypti og rak þann búnað sem til þurfti. Nú er hinsvegar rekstur þeirra allra á einni hendi, aukinn slagkraftur er til framkvæmda, búnaður er sameiginlegur og sami aðili sér um alla hirðingu og grafartöku.

Í dag eru á landinu öllu um það bil 280 kirkjugarðsstjórnir sem bera ábyrgð á rekstri sinnar sjálfseignarstofnunar. Það segir sig sjálft að erfitt er að halda utan um og miðla upplýsingum til allra þessara rekstraraðila. Fæstar þessara 280 eininga hafa starfsfólk á sínum snærum heldur er það nokkurskonar „samfélagsskylda“ að taka að sér þessi verkefni. Þegar stjórn KGSÍ vann að því að gera breytingar á tekjakerfi kirkjugarða, og síðan að innleiða

kerfið og kynna það, var mikil þrautaganga að fá allar kirkjugarðsstjórnir til að ganga í takt. Í raun hefur ekki enn tekist að fá alla með. Enn eru til kirkjugarðsstjórnir sem ekki virðast hafa hugmynd um að breytingar hafa átt sér stað og ekki enn uppgötvað skráningu legstaðaskrár á veraldarvefnum. Hvað þá að bera sig eftir þeim tekjum sem þeim standa til boða.

Þegar og ef sú ákvörðun verður tekin heimafyrir að skoða þann kost að sameina reksturinn þá er KGSÍ tilbúið að leggja hönd á plóg og aðstoða eins og kostur er. Vert er að vanda vinnuna sem best svo ekki þurfi að koma til árekstra þegar fram líða stundir.

Það hníga öll rök til þess að sameining sé góður nútímalegur kostur víðast hvar.

Vilji er allt sem þarf!

*Smári Sigurðsson
Kirkjugörðum Akureyrar*

BERNHÖFTSREITUR



Reiturinn var lagfærður árin 2006 og 2007 af starfsmönnum Kirkjugarða Reykjavíkur í samvinnu við afkomendur Bernhöfts bakara og konu hans Marie.

Næsti aðalfundur KGSÍ

Næsti aðalfundur Kirkjugarðasambands Íslands verður haldinn á Egilsstöðum 19. – 20. maí nk. Undanfarin ár hafa aðalfundir KGSÍ verið mjög fjölsóttir og ánægja verið meðal þátttakenda með hvernig blandað er saman fróðleik og skemmtun. Margir hafa eignast félagi og vini á þessum vettvangi og hjálpar það mörgum sem vinna einir í héruðum að málefnum kirkjugarða og við útfararþjónustu að geta haft samband við starfsfélaga á öðrum svæðum til að ræða málin.

Síðasti aðalfundur var haldinn á Akureyri í maí í fyrra og hann sóttu um 100 manns þegar makar fundarmanna eru taldir með.

Þessi bíll er til sölu



Útfararþjónusta
Kirkjugarða Akureyrar

Allar nánar upplýsingar eru í síma 461-4060



Skafffell ehf.

Sundaborg 1 • 104 Reykjavík
Sími: 588 9020 • Fax: 568 4088
E-Mail: skafffell@centrum.is



Uppgert minningarmerki um Steingrím Jónsson biskup.
F. 14 ágúst 1769
D. 14 júní 1845
staðsett í Hólavalla-kirkjugarði.

Samvinnuverkefni Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma, Kirkjugarðaráðs og Málmsteypu Þorgríms Jónssonar ehf., unnið árið 2005.



MÁLMSTEYPA

Þorgríms Jónssonar ehf.

MÍÐHRAUNI 6 - 210 GARÐARBÆR - SÍMI 544 8900 - FAX 544 8901

Vígsla Kópavogskirkjugarðs



Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson, prófastur, bæjarstjóri Kópavogs, Gunnar I. Birgisson og biskup Íslands, Hr. Karl Sigurbjörnsson. Ljós.: PR

Kópavogskirkjugarður var vígður í ágúst sl., en sagt var frá uppbyggingu hans í síðasta tölublaði Bautasteins. Deiliskipulag garðsins var fyrst samþykkt í febrúar 1999 í bæjarstjórn Kópavogs en var síðan endurskoðað lítillega og samþykkt endanlega 20. mars 2001. Formleg afhending kirkjugarðslóðar fór fram í Leirdal miðvikudaginn 4. júlí 2001.

Formleg vígsla fór svo fram sl. sumar og biskup Íslands vígði garðinn að viðstöddum mannfjölda sem safnaðist saman við sálu-

hlið garðsins og bæjarstjórinn í Kópavogi flutti ræðu. Eftir vígsluna var duftker jarðsett í fyrstu gröfina í garðinum og er það tímanna tákn að vökumaðurinn hvíli í duftreit garðsins.

Frá því að garðurinn var vígður í ágúst og fram til 1. apríl 2007 hafa 23 duftker verið jarðsett og 44 kistur. Kópavogskirkjugarður er rúmlega 12 hektarar að stærð. Í honum er áformað rými fyrir um 13.000 kistugrafir og 5.100 duftgrafir. Ljóst er á þessum tölum að garðurinn verður í notkun vel á fram á 22. öldina.

Málþing um samstarf útfararþjónustu

Síðastliðið haust fór fram málþing um samstarf um útfararþjónustu í Viðey. Kirkjugarðar Reykjavíkurrófastsdæmis og Kirkjugarðasamband Íslands buðu prestum, djáknum, útfararstjórum og starfsmönnum kirkjugarða í Reykjavík og Kjalarnesrófastsdæmum. Að auki sátu fundinn fulltrúar ofangreindra starfstétta frá Akureyri, Selfossi, Akranesi, Borgarnesi og víðar. Fimm aðilar fluttu

framsögu og umræður fylgdu í kjölfarið.

Fjölbreytt viðfangsefni kirkjugarða og útfararþjónustu voru rædd og ýmsar gagnlegar ábendingar komu fram. Samkvæmt spá Hagstofu Íslands verður aukning andláta yfir 100% á næstu 40 árum og því líklegt að margt í útfararsíðum verði fyrir áhrifum af þeirri þróun. Þættir eins og umferðarálag, samskipti syrgjenda og starfsmanna kirkjugarða, fræðsla o.fl. var

tekið til skoðunar.

Tæplega sjöttíu manns sóttu málþingið og var það mál manna að samráðsþing sem þetta væri þarft og rétt væri að halda slíkan fund reglulega. Þórsteinn Ragnarson, forstjóri KGRP, tók til máls við lok þingsins og ítrekaði að markmiðið með málþinginu væri að ná góðu og samstilltu átaki til enn betri þjónustu við aðstandendur.

Blóm á grafreiti

Tökum við pöntunum fyrir Hólavallagarð
við Suðurgötu, Gufuneskirkjugarð og
Fossvogskirkjugarð



Upplýsingar alla virka daga frá
kl. 9 - 16 í síma 585 2703



gardur.is

Látið minninguna lifa um ókomna tíð á gardur.is!
Upplýsingar í síma 585 2700 eða hjá útfararstjórum.

Hillir undir verklok í Hallsholti



Nú þegar hilla fer undir verklok við nýbyggingu í Gufuneskirkjugarði er rétt að kynna þennan fyrsta áfanga Þjónustumíðstöðvar KGRP í Gufunesi.

Þessi fyrsti áfangi felur í sér byggingu húss á tveimur hæðum um 270 m² að grunnfleti auk rafbílageymslu og geymslurýmis. Á neðri hæð verður aðkoma fyrir alla þá starfsmenn sem koma til með að vinna í húsinu og í garðinum er það verður fullbyggt. Þar eru einnig rúmgóðir búningssklefar og vinnurými fyrir grafara og garðyrkjumenn. Þetta verða mikil viðbrögð frá þeirri aðstöðu sem núna er og var byggð til bráðabirgða fyrir hátt í 30 árum og fullnægir á engan hátt þeim nútíma kröfum sem gerðar eru um

aðbúnað starfsfólks. Sem dæmi má nefna að fjöldi salerna tvöfaldast og fjöldi fermetra í gallageymslu margfaldast.

Verður aðstaðan til fyrirmyndar í alla staði og ánægulegt að finna það að aðbúnaðarmál starfsmanna eru efst á forgangslista stjórnenda KGRP.

Á efri hæð hússins verður aðkoma að skrifstofu og móttöku fyrir aðstandendur og gesti og má segja að það sé fyrsta “alvöru” skrifstofan í Gufuneskirkjugarði og er ekki seinna vænna eftir öll þessi ár. Auk fyrrnefndrar skrifstofu verður kaffistofa og fundarherbergi á efri hæð.


Mjög sérstök gluggasetning einkennir efri hæð hússins sem verður klædd grágrýti að hluta og hæfir vel því umhverfi sem húsið situr svo hógværliga í.

Húsið er hannað af arkitektastofuni Arkibúllan og eiga hönnuðir heiður skilinn fyrir hvað þeir hafa kynnt sér vel þá starfsemi sem fram á að fara í húsinu og hlustað á óskir þeirra sem eiga að vinna þar í framtíðinni.

Næsti áfangi verður væntanlega líkhúsbygging en líkur eru á að einhver bið verði á að það starf hefjist. Í framhaldinu koma byggingar er hýsa kapellur og útfararkirkju og ef til vill bálstofu. Áætlaður framkvæmdatími í heildina er um 15-17 ár og margt getur breyst á þeim tíma.

*Heimir Bj. Janusarson
Forst.maður Gufuneskirkjugarðs*

Bók um útfararsíði helstu trúarbragða.



„Religioner, lívssyn og gravferð, en handbók om gravskikker“, er athyglisverð bók eftir Norðmanninn Gunnar Neegaard. Bókin segir frá útfararsíðum helstu trúarbragða heims og er afar gagnleg fyrir alla þá sem annast þjónustu við látna og aðstandendur þeirra.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma hafa samið við norska forlagið um leyfi til að fá að þýða bókina og var það auðfengið. Bókin mun koma út í íslenskrí þýðingu í haust og verður hún seld á kostnaðarverði.

Yuchai

Mest seldu smá-beltagröfur á Íslandi 2006



Alke fjölnota smábílar

VÉLAR:ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&B á Norðurlandi

JCB Traktorsgröfur

Stórar



Markaðsleiðandi á Íslandi

Mini



Eitt vörumerki, 220 gerðir.

Vélar til allra verka!



Krókháls 16 ♦ 110 Reykjavík ♦ Sími 5882600 ♦ www.velaver.is



Fjölskyldan hjá SPRON



ARGUS / 06-0665

Ekki missa af endurgreiðslunni!

Fjölskyldan hjá SPRON er þjónustuleið sem er án endurgjalds og stuðlar að fjárhagslegum ávinningi fjölskyldunnar, bæði í formi endurgreiðslu og fríðinda.

Ávinningur sem munar verulega um!

- 50% endurgreiðsla af öllum debetkortaárgjöldum fjölskyldunnar
- Endurgreiðsla á hluta af greiddum vöxtum vegna skuldabréfa, íbúðarlána, erlendra lána, yfirdráttar eða víxla.
- Árleg 5% endurgreiðsla á tryggingaiðgjöldum auk sérkjara á kaskótryggingum bifreiða.*
- Tómstundastyrkir, vegleg inngöngugjöf við skráningu og fleira.

Skráðu fjölskylduna á **spron.is** og þú gætir tryggt þér og þínum endurgreiðslu þessa árs.

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

* Hjá VIS (Vátryggingafélagi Íslands).

